

FÁNINN

I

Margt hefir verið mér áhugaefni fremur en fáninn. Eins og t. a. m. þetta, að fenginn væri maður eða menn til að fræða Dani um það með vísindalegri stillingu og nærgætni, hverjar muni hafa verið ástæðurnar til þess, að Íslendingar voru svona miklu færri um aldamótin 1700 en hundrað árum áður, og hafði þó fækkað enn hundrað árum síðar.

Slíkt er víst alveg dæmalaust í sögu nokkurrar Evrópu-þjóðar. Og ef þessi hryllilega hnignun er aðallega að kenna dönsku versluninni og stjórn Dana á landinu, eins og mun vera sönnu nær, er það þá ekki of mikið trúleysi á mannlega réttlátsemi og danskan drengskap, að búast ekki við því að Danir mundu, þegar þeir vissu betur málavöxtu, sýna vilja á að bæta fyrir brot forfeðra sinna gegn Íslendingum, og rétta þessari mergsognu þjóð þá hjálparhönd sem hún þarf á að halda til viðreisnar, t. a. m. með því að leggja fram 2-3 milljónir króna í nokkur ár. Það er ekki svo mikið sem farið er fram á, þegar þess er gætt, að danskur verslunararður á Íslandi nemur sjálfsagt svo hundruðum milljóna skiptir.

Og dönsku fé yrði ekki betur varið né vaxtasamlegar. Því að hér á landi er til, það sem meira er vert og ávaxtasamara mun reynast miklu en gull og gimsteinar, efni í hina bestu mannsheila og hina styrkustu líkami, sem hér mundu verða, þegar lífsskilyrðin yrðu svo bætt, að hið besta sem í þjóðinni býr, næði betur að gróa.

II

Annað sem mér er mikill hugur á að næði fram að ganga, er að Íslendingar bjóði háskóla Norðmanna kennara í

Norrænu. Norðmenn eru sú þjóð, sem hverjum hugsandi Íslendingi hlýtur að vera annast um næst þessari. Þeir eru uppgangþjóð hin mesta í Evrópu. Ennþá mun lifa þar í landi eitthvað af þeim höfðingsskap, sem stundum kom svo ljómandi skemmtilega fram áður, eins og þegar Arinbjörn hersir, þessi dæmafái vinur, sem Snorri hefir reist hinn óbrotgjarnasta minnisvarða, bjargaði lífi Egils; eða þegar Erlingur Skjálgrsson „sem öllum kom til nokkurs þroska“ sínum vinnumönnum, fékk Ólaf helga til að hætta við að lífláta Ásbjörn selsbana. Og Norðmenn eru fjáraflamenn, eigi einungis af meiri dugnaði, heldur einnig af meira hugviti en nokkur önnur þjóð.

En þrátt fyrir Samuel Eyde, Mikkelsen, og jafnvel Nansen, sem er mikilúðlegastur þeirra manna sem ég hefi séð, þrátt fyrir þá afbragðsmenn í vísindum og skáldskap, sem Norðmenn hafa átt á vorum dögum, og eiga enn, þá er ljóminn yfir Noregi ekki eins bjartur nú og endur fyrir löngu, á níundu öld, þegar uppi var þessi Úlfur sem var „maður svo mikill og sterkr að eigi voru hans jafningjar“, og þó forvitri;* og fleiri forfeður Íslendinga. Vaxtarbroddur mannkynsins var þá í Noregi. En uppgangurinn nú er, þó furðulegur sé, meiri í atvinnuvegunum en sjálfu fólkinu. Og Norðmenn meta of lítils minningu sinna bestu forfeðra með því að una við annað mál og miklu verra. Þrátt fyrir auðinn, sem safnast til sumra Norðmanna (og útlendinga, sem láta Norðmenn vinna fyrir sig), horfir til vandræða þar í landi sakir þess hvað málið er vitlaust og mállýskurnar margar. Hið besta í norrænu þjóðerni nær ekki að njóta sín, fyrir þessu málleysi og þessum málleysum. Það sem Norðmenn sjálfir kalla landsmál, mundi vera hverjum hinna fornu snillinga, eins og Þjóðólfi eða Eyvindi, óskiljanlegt, eða því sem næst. Og sú trú margra Norðmanna, að ef þeir aðeins tala dönskuna nógu illa, þá sé það norræna, er á misskilningi reist.

Hér er það nú, sem Íslendingar gætu orðið frændum sínum í Noregi að hinu mesta liði, og mundi hvergi nærri þurfa

* Forvitri þýðir mjög vitur (sbr. forhraustur), en ekki forspár.

eins mikils við og sumir ætla, til að koma þessu máli í gott horf, ef aðeins átökin stefna rétt. Og þó fer fjarri því, að oss langi til að fara að íslenska Norðmenn; norska er það sem vér óskum að þeir taki upp; er það mál „ákafa fagurt“ og hið göfuglegasta, eins og sjá má á þessum orðum eftir Eyvind Finnsson, sem kallaður var skáldaspillir, ágætan mann:

Lék við ljóðmögu,
skyldi land verja,
gyłfi hinn glaðværi
stóð und gollhjálmi.

Satt er það, að mál þetta er hið líkasta íslensku. En þó er þetta norska, og Eyvindur var alnorskur maður, þó að hann væri frændi Egils og Gunnars. Var hann og náskyldur hinum glæsilegasta af Noregskonungum, Hákonni góða, sem kvæðið er um.

III

Það virðist býsna undarlegt, að Norðmenn skuli ekki hafa sóst eftir íslenskum kennurum við háskóla sinn. Því að forn-málið verður ekki lært eingöngu af fornrítunum, þar þarf einnig að koma til þekking á íslensku nútíðarmáli. Og menn verða að gæta þess, að nota ekki orðið nýíslenska of óvarlega við þá sem vita jafnilla og útlendir fræðimenn yfirleitt, að forn-málið lifir hér enn.

Lengi var mér óskiljanlegt þetta áhugaleysi norskra ágætismanna á íslensku. En það verður skiljanlegt þegar menn kynnast eitthvað ritum P. A. Munchs, hins fræga norska sagnaritara. Orð Munchs voru mjög mikils metin, og hann segir berum orðum, að málið á Íslendingasögum sé ekki íslenska, og að „mállýska“ vor Íslendinga sé ekki eins lík forn-málinu norræna eins og dalamálin norsku.

Þegar ég las þetta, þá var undrun minni lokið; ég hætti að furða mig á því, að norskir þjóðernisfrömuðir skyldu ekki hafa kvatt Íslendinga til liðs við sig. En nú hófst ný furða,

nefnilega á því, að íslenskir fræðimenn skyldu ekki af kappi og þó með forsjá, hafa mótmælt svona stórskaðlegum vitleysum, heldur þvert á móti víða látið leiðast af skoðunum Munchs; og hefði sú furða þó verið meiri miklu, ef mér væri ekki kunnugt um, hversu örðugt aðstöðu íslenskir fræðimenn hafa átt, og hversu tilfinnanlega þá hefir vanalega skort samúð þeirrar þjóðar, sem þeir eru þó að vinna fyrir. Ég segi eru, því að Sveinbjörn Egilsson t.a.m. er ennþá að vinna fyrir þjóðina, verkin hans lifa og ávextir þeirra.

Fjarri er það mér, að ætla að hvetja nokkurn mann til haturs við minningu Munchs, sem var mikill merkismaður, þó að hann tæki svona skakka stefnu í þessu aðalmáli. Og mikinn skaða hefir þó þessi misskilningur Munchs, og þeirra sem honum fylgdu, gert bæði Íslendingum og Norðmönnum. En nú ætti þessari óskynsemi að vera lokið; mundi bæði Norðmönnum og Íslendingum verða það til mikilla þrifa að taka upp vináttu með frændsemi sín á milli. Hafa Norðmenn margt til þess að geta launað Íslendingum þroskasamlega það lið, sem þeir mundu þiggja héðan til viðreisnar máli sínu. Mundi framtíð norrænunnar geta orðið ennþá glæsilegri en fortíðin var, því að þar var þekking of skammt á veg komin, og of mörg höggin og sárin.

IV

Þrátt fyrir það sem sagt var í upphafi ritgerðar þessarar, þykir mér sem mörgum, býsna skemmtilegt til þess að vita, að Íslendingar eigi sinn eigin fána. Og þó að Hvítbláinn, sem nú hefir tíðkast um hríð, sé fagurblaka mikil, þá er þó fáninn bragðmeiri við loft að sjá, sé rauði liturinn með, og mun ég ekki þurfa að útlista, hversu vel mér finnst það eiga við, að litirnir í fánanum íslenska séu hinir sömu og fánalitir Norðmanna.*

En að blátt sé aðalliturinn er alveg sjálfsagt. Bæði minnir blái liturinn á sæinn, sem blákringir allt þetta land, og svo á blómið blá, sem vex einmitt hér, þó að ekki beri mikið á því. Aðalástæðan til að hafa bláa litinn, er samt sú, að blátt

* En rauðu randirnar í fánanum hafa orðið helmingi of breiðar.

er, fremur öðrum, litur ættgöfginnar. En Íslendingar eru af hinu göfgasta kyni, þó að mjög sé dregið af oss mörgum, og býsna dýrt hafi verið að varðveita hið dýrsta mál. Um marga af landnámsmönnum er þess getið, að þeir voru af konungaættum, um ýmsa að þeir áttu til konunga að telja í karllegg, og óefað hefir svo verið um fleiri en sagt er. Liggur það nær í augum uppi, hverskonar fólk það var, sem gat ráðist í að nema Ísland, þegar einn af ættinni gerðist ofríkur heima fyrir. En mörg saknaðarhugsun mun þó flogið hafa austur til æskulands og ættar, og ennþá er öðruvísi að koma til Noregs en annarra landa.

Þess er getið um suma af þeim, sem töldu ætt sína í karllegg til konunga, að þeir hafi riðið í blárrí kápu; svo er um Hall af Síðu, og Gunnar Baugsson, föður Hámundar föður Gunnars á Hlíðarenda; var Gunnar af írskum konungi kominn í karllegg. Einnig er sagt um Egil Skallagrímsson og um Njál að þeir hafi verið í bláum kápum, og löngu síðar Sig-hvatur Sturluson, bróðir Snorra. Voru þessir allir sem ég nefndi, mikilmenni og stórættaðir og líklegir til að vera tiginbornir lengra fram, en ætt þeirra er talin í sögum. Um Ara fróða og Sæmund í Odda er það kunnugt, að þeir töldu ætt sína til Óðins í karllegg, og fornkonunga, sem þaðan voru komnir, og er engin ástæða til að ætla, að ætt þess manns sem best hefir kunnað frá Óðni að segja og konungum, hafi verið minni.

Morgunblaðið, 1914.